



Samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa hjá Suðurnesjabæ

Þóknun kjörinna fulltrúa og nefndalaun

Samkvæmt 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði 24. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp Suðurnesjabæjar ákvarðar bæjarstjórn þóknun kjörinna fulltrúa fyrir störf þeirra. Kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn og bæjarráði, ásamt kjörnum fulltrúum í nefndum fá greidda þóknun sem hér segir:

1. Föst mánaðarleg þóknun.

Föst mánaðarleg þóknun til kjörinna bæjarfulltrúa telst vera þóknun fyrir öll þau störf sem bæjarfulltrúar taka að sér á vegum bæjarstjórnar og vegna undirbúnings fyrir fundi í bæjarstjórn og bæjarráði, þ.m.t. undirbúningsfundi eða fundi sem boðaðir eru til að dýpka skilning á málefnum sem bæjarfulltrúar fara fyrir. Föst mánaðarleg þóknun er einnig vegna funda sem viðkomandi bæjarfulltrúar sækja innan og utan sveitarfélags og ekki er greitt sérstaklega fyrir samkvæmt reglum um þóknun fyrir einstaka fundi í nefndum.

Þóknanir reiknast hlutfallslega út frá grunni sem samsvarar þingfararkaupi eins og það var 1. júní 2018 eða 1.101.194 kr.

Þóknanir kjörinna fulltrúa í Suðurnesjabæ 1. júní 2022 eru:

Bæjarfulltrúar 226.712 kr. eða 17% af grunni.

Forseti bæjarstjórnar 60% álag á fasta þóknun bæjarfulltrúa.

Formaður bæjarráðs 40% álag á fasta þóknun bæjarfulltrúa.

Fyrsti varabæjarfulltrúi 22.671 kr.

2. Þóknun fyrir einstaka fundi í nefndum.

2.1

Bæjarfulltrúar fá sérstaka þóknun fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn og bæjarráði. Fulltrúar í fastanefndum sveitarfélagsins fá sérstaka þóknun fyrir hvern setinn fund í viðkomandi nefndum. Fulltrúar í einstökum samstarfsnefndum eða starfshópnum fá greidda þóknun fyrir hvern setinn fund, samkvæmt þóknun nefndarmanna hér að neðan, enda hafi þeir verið skipaðir af bæjarstjórn sem fulltrúar sveitarfélagsins í viðkomandi verkefni.

2.2

Þóknun fyrir hvern setinn fund er samkvæmt eftirfarandi:

- Bæjarstjórn/bæjarráð 28% af fastri þóknun bæjarfulltrúa eða 63.480 kr.
- Forseti bæjarstjórnar 35% álag á þóknun fyrir hvern setinn fund.
- Formaður bæjarráðs 35% álag á þóknun fyrir hvern setinn fund.
- Fulltrúar í fagráðum 14% af mánaðarlegri þóknun eða kr.31.739 kr.
- Formenn fagráða 50% álag á þóknun fyrir setinn fund í nefnd.
- Fulltrúar í ungmennaráði fá greidda 50% af þóknunum fulltrúa í fagráðum, skv. 2d

- g. Áheyrnafulltrúar skipaðir í fagráð af bæjarstjórn með málfrelsi og tillögurétt fá greidda þóknun, skv. 2d. Ekki er greidd þóknun til fulltrúa skipaða af hagsmunaaðilum.
- h. Vinnuhópar skipaðir af bæjarráði/bæjarstjórn. Að jafnaði vinna stýri- og verkefnishópar eftir erindisbréfum þar sem verksvið og ábyrgð þeirra er skilgreind. Fulltrúar fá greiddar 31.739 kr. nema um annað sé samið. *Um þóknanir í afmörkuðum verkefnum og vinnuhópum er heimilt að skilgreina sérstaklega og er þá m.a. tekið mið af verk- og tímaáætlun verkefnis.*
- i. Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema sveitarstjórn samþykki annað sérstaklega.

2.3

Varamenn í bæjarstjórn/bæjarráði/fagráðum sem sitja heila fundi í bæjarstjórn/bæjarráði/fagráði fá greitt á sama hátt og aðalmenn.

Varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn/bæjarráði í einstökum málum fá greidda þóknun sem nemur 20% af þóknun fyrir setinn fund, óháð fjölda mála sem þeir taka þátt í á fundinum.

2.4

Heimilt er bæjarstjóra að kalla til kjörna fulltrúa í bæjarstjórn á mikilvæga fundi sem varða verulega hagsmuni sveitarfélagsins eftir því sem bæjarstjóri metur þörf á hverju sinni. Á hér við um viðfangsefni sem brýn þörf er að kalla til fundar um og að jafnaði skal fylgja fundargerð um málefnið eða minnisblöð. Ef bæjarfulltrúi þarf að sækja slíkan fund skal greiða þóknun sem nemur fundalaunum nefndarmanna, sbr. 2. gr. Ákvörðun um þóknun fyrir slíka fundi skal liggja fyrir áður en fundur fer fram.

3. Ferðakostnaður og uppihald.

Ferðakostnaður vegna starfa á vegum sveitarfélagsins utan þess skal endurgreiddur samkvæmt akstursdagbók, skýrslu og/eða framlögðum reikningum og skal tilefni tilgreint. Við greiðslu skal miðað við aksturgjald ríkisstarfsmanna. Leitast skal við að gæta hagkvæmni við skipulag ferða, t.d. að sameinast í bíla eftir aðstæðum.

Kostnaður vegna uppihalds og gistingar vegna starfa á vegum sveitarfélagsins utan þess skal greiddur samkvæmt reikningi. Bókanir á flugferðum og gistingu skulu fara í gegnum bæjarstjóra.

4. Annað

Í upphafi kjörtímabils skal hver aðalbæjarfulltrúi fá styrk allt að krónum 110.000,- til tækjakaupa vegna rafrænna fundargagna. Í upphafi hvers kjörtímabils skal þessi upphæð endurkoðuð. Um frekari styrki vegna tækjakaupa er ekki að ræða. Bæjarfulltrúar skulu njóta sömu kjara hvað varðar símaáskrift og sviðsstjórar sveitarfélagsins.

Greiða skal í lífeyrissjóð af tekjum vegna framangreindra þóknana.

Framangreindar fjárhæðir þóknana breytast samkvæmt breytingum á launavísitölu, fyrst þann 1. janúar 2023.

Ofangreint gildir frá og með 1. júní 2022

Samþykkt á 47. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 6. júlí 2022.